

Alþingi
Erindi nr. P 132/1594
komudagur
12. 4. 2006



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarra - 650 Laugar
Sími: 464 3322 - Bréfasími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

6.4.2006

Efni: Uppbygging héraðsvega – umsögn um tillögu til þingsályktunar.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um átak í uppbyggingu héraðsvega og tekur undir það sjónarmið að mikil þörf sé á auknu fjármagni til málaflokksins með sérstakri áherslu á lagningu bundins slitlags. Ennfremur styður sveitarstjórn þá hugmynd að skipuð verði nefnd sem kanni hvemig breyta megi þeirri hugmyndafræði sem hingað til hefur verið unnið eftir á þessum sviðum. Mikilvægt er að þeirri vinnu verði lokið þegar samgönguáætlun verður endurskoðuð næsta haust.

Af þessu tilefni vill undirritaður gera grein fyrir nokkrum erindum sem alþingismenn og samgöngugyfirvöld hafa fengið frá okkur um málefni héraðsvega meðal annars, á undanföllum árum.

Þess skal getið að sveitarstjórn telur að nánast í engu hafi hingað til verið farið að tillögum hennar eða óskum hvað þessi mál varðar en veitir þrátt fyrir það umbeðna umsögn enda um mikið hagsmunamál að ræða.

Í öllum eftirfarandi erindum er lögð rík áhersla á vegabætur, ekki síst á tengivegum. Og með vegabótum er átt við raunverulegar vegabætur með uppbyggingu og almennilegu slitlagi, ekki “malarhráka” og “leirburð” hér og þar.

Samantekt erinda (athugið að hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða en eflaust það helsta talið):

- 23. september, 2002: Fjárlaganefnd. Bréf afhent á fundi með fjárlaganefnd.
- 23. október, 2002: Velkomin í Þingeyjarsveit. Bréf afhent alþingismönnum sem komu í heimsókn.
- 31. júlí, 2003: Áskorun til nýrra þingmanna og ríkisstjórnar. Tölvupóstur sendur öllum alþingismönnum með bréfi í viðhengi.
- 10. júní, 2003: Vegamál í Þingeyjarsveit. Bréf sent umdæmisstjóra Vegagerðarinnar með bókun sveitarstjórnar frá 5.6.2003.


- 27. september, 2005: Nokkur áhersluatriði Þingeyjarsveitar varðandi samgöngumál og fjarskipti. Afhent á fundi með samgönguráðherra í ráðuneyti hans.
- 2. janúar, 2006: Ár tengiveganna. Tölvupóstur sendur þingmönnum Norðausturkjördæmis, samgöngunefnd Alþingis og samgönguráðherra.

Eins og sjá má af framangreindu hefur sveitarstjórn margoft og margítrekað reynt að fá fram varanlegar bætur á héraðsvegum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar styður því framkomna tillögu til þingsályktunar um átak í uppbyggingu héraðsvega samhljóða eins og samþykkt var á fundi hennar í dag með eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um átak í uppbyggingu héraðsvega sbr. Þingskjal 330 – 310. mál á 132. löggjafarþingi, 2005-2006. og tekur undir það sjónarmið að mikil þörf sé á auknu fjármagni til málaflokksins með sérstakri áherslu á lagningu bundins slútlags. Ennfremur styður sveitarstjórn þá hugmynd að skipuð verði nefnd sem kanni hvernig breyta megi þeirri hugmyndafræði sem hingað til hefur verið unnið eftir á þessum sviðum. Mikilvægt er að þeirri vinnu verði lokið þegar samgönguáætlun verður endurskoðuð næsta haust. Sveitarstjórn hvarf um leið að ábendingar hennar og margítrekaðar óskir um varanlegar vegabætur með bundnu slútlagi á tengivegum hafa algjörlega verið virtar að vettugi á undanförunum árum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,


 Jóhann Guðmundsson
 sveitarstjóri

- 22. júní, 2003: Vegamál í Þingeyjarsveit. Bréf sent samgönguráðherra með bókun sveitarstjórnar frá 5.6.2003.
- 23. júní, 2003: Vegamál í Þingeyjarsveit. Tölvupóstur sendur öllum alþingismönnum með bréfi í viðhengi þar sem fram kemur bókun sveitarstjórnar frá fundi hennar 5.6.2003 um þau efni sem notuð eru við endurbætur og tilmæli um lagningu varanlegs slitlags á malarvegum.
- 31. júlí, 2003: Áskorun til ríkisstjórnar og alþingismanna. Tölvupóstur með bréfi í viðhengi til alþingismanna.
- 29. september, 2003: Nokkur áhersluatriði Þingeyjarsveitar: Afhent á fundi með fjárlaganefnd Alþingis.
- 5. nóvember, 2003: Nokkur af fjölmörgum áhersluatriðum Þingeyjarsveitar. Afhent alþingismönnum Norðausturkjördæmis á fundi með þeim.
- 19. apríl, 2004: Vegamál í Kinn, brú og flóð. Tölvupóstur sendur samgönguráðherra og sama erindi sent undirritað í bréfi, einnig sent samgöngunefnd Alþingis, alþingismönnum Norðausturkjördæmis og Vegagerðinni á Akureyri.
- 16. júlí, 2004: Er fólk þessi virði? Tölvupóstur sendur samgöngunefnd Alþingis og þingmönnum Norðausturkjördæmis, afrit til umdæmisstjóra Vegagerðarinnar, um það hvort íbúar í dreifbýli séu ekki þess virði að gerðar séu endurbætur á tengivegum.
- 28. september, 2004: Nokkur áhersluatriði Þingeyjarsveitar. Afhent á fundi með fjárlaganefnd Alþingis.
- 26. október, 2004: Nokkur áhersluatriði Þingeyjarsveitar. Afhent á fundi með alþingismönnum Norðausturkjördæmis á Gamla Bauk á Húsavík.
- 5. maí, 2005: Ályktun sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar um samgönguáætlun. Tölvupóstur sendur samgöngunefnd alþingis með ályktun frá sveitarstjórnarfundum þann 28.4.2005.
- 14. júní, 2005: Vegir í Bárðardal; stórgrýti á yfirborði. Tölvupóstur sendur samgönguráðherra, alþingismönnum Norðausturkjördæmis og umdæmisstjóra Vegagerðarinnar. Meðfylgjandi ljósmynd af stórgrýti sem var í yfirborði Lundarbrekkuvegar.
- 27. september, 2005: Nokkur áhersluatriði Þingeyjarsveitar. Afhent á fundi með fjárlaganefnd Alþingis.